

## Skýrsla æskulýðsnefndar hestamannafélagsins Hendingar.

Í æskulýðsnefndinni starfa Auður Björnsdóttir og Linda Jónsdóttir.

Á Ísafirði er hópur barna og unglunga sem stunda hestamennsku. Við höfum búið við það að 10 km eru milli hesthúsabyggðanna. Hefur það hamlað starfi okkar töluvert. Hefur þó orðið sú breyting á að hesthúsabyggðin hefur öll sameinast í Engidal og auðveldar það okkur starfið í framtíðinni.

En í ár þá höfðum við þrautakeppni fyrir börn og unglunga í maí, tókst það með miklum ágætum. Byrjað var á unglungunum sem tóku erfiðari braut og einnig á tíma. Síðan komu börnin en þau fengu léttari braut sem þau fóru á sínum eigin forsendum. Í lokin fengu síðan fullorðnir að spreyta sig og voru furðumargir sem glímdu við brautina við kátinu viðstaddra. Fengum við okkur kaffi, kökur, svala og heitt kakó á eftir og voru allir ánægðir með góðann dag.

Í lok maí fórum við í ævintýraferð í Öfundarfjörð. Fluttum við hrossin með hestaflutningabíl að Ytri Veðrará þar sem búið var að setja upp girðingu. Þegar allir voru komnir var riðin stór hringur.

Fram Korpudal, framhjá Hestdal og síðan til baka. Þegar allir voru komnir til baka fengu hrossin að hvíla sig í hólfinu meðan börn og fullorðnir grilluðu saman. Tókst þetta mjög vel og allir fóru glaðir heim.

Námskeið var haldið í byrjun júní. Kennari var Lárus Hannesson. Tóks það mjög vel og hjálpaði hann síðan krökkunum að undirbúa hrossin fyrir félagsmótið sem haldið var í vikunni á eftir. Tóku mörg börn og unglingar þátt og gekk vel hjá öllum knöpunum að stjórna hrossum sínum í brautinni.

Fleira var ekki gert á árinu en vonir standa til að árið 2008 verði meiri kraftur í félagsstarfinu þar sem allir verða komnir á sama stað.

Kveðja Auður og Linda.